



Áfanganúmer: ÍSLE3BB10

Prep: 3

Einingar: 10

Forkröfur: ÍSLE3RB10

Lýsandi heiti:

Bókmenntir frá 19. öld til nútímans og ritun ólíkra texta.

Áfangalýsing:

Fjallað verður um bókmenntasögu frá 19. öld til nútímans, bókmenntir og stefnur og höfunda sem þessum tímabilum fylgja.

Nemendur fá þjálfun í ritun ólíkra gerða texta, að koma hugsun sinni í orð bæði í ræðu og riti sem og rökstyðja skoðanir sínar á ólíkum bókmenntum.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- íslenskri bókmenntasögu í samhengi við erlenda strauma og stefnur
- ólíkum bókmenntastefnum, bókmenntum og skáldum sem þeim tengjast
- ólíkum gerðum texta frá ólíkum tímabilum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa sér til gagns og greina ólíkar gerðir texta
- beita hugtökum myndmáls og stílbragða við ljóðagreiningu
- vinna að textasmíð þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun við úrvinnslu og kemur efninu á framfæri á skýran og greinargóðan hátt
- nýta sköpunargáfu og sýna sjálfstæð vinnubrögð við úrvinnslu verkefna

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrifa skýran og vel uppbyggðan texta
- tjá rökstudda skoðun sína og taka virkan þátt í umræðum
- beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu texta og geta miðlað hugmyndum sínum á skýran hátt
- átta sig á samfélagslegri skírskotun og ná duldum boðskap og hugmyndum
- sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Mat á hæfniviðmiðum

- Sjá námsáætlun